

Nd. **75. Tillaga til þingsályktunar** [69. mál]  
um niðurfellingu fasteignaskatts af íbúðum aldraðra.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Ólafur G. Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir þeirri breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 51/1964, að sveitarstjórnnum verði heimilt að fella niður fasteignaskatt af eigin íbúðum þeirra, sem náð hafa 67 ára aldri.

**Greinargerð.**

Sú stefna ryður sér æ meir til rúms, að stuðla beri að því, að aldrað fólk búi á heimilum fremur en stofnunum, svo lengi sem kraftar leyfa. Þótt starfsorka sé nokkuð tekin að dvína og tekjumöguleikar séu þar með skertir, hafa æ fleiri, sem náð hafa ellilífeyrisaldri, heilsu, getu og löngun til að sjá um sig sjálfir. Er og talið, að heilsu og hamingju flestra sé bezt borgið á þann hátt, að þeir séu sem lengst sjálfstæðir þátttakendur í lífi heilbrigðs starfandi fólks. Til þess að það geti orðið, þarf ýmiss konar fyrirgreiðsla af hálfu hins opinbera til að koma. Þar til má telja, að öldruðu fólki verði ekki íþyngt með sköttum. Með ívilnun í skattgreiðslum aukast líkur fyrir því, að þetta fólk haldi íbúðum sínum og geti dvalizt þar, meðan heilsa endist. Ýmis sveitarfélög hafa farið þessa leið undanfarin ár og lækkað útsvör þeirra, sem orðnir eru 67 ára, og jafnvel fellt niður útsvör þeirra, sem náð hafa 70 ára aldri.

Nú, þegar horfur eru á, að fasteignaskattur hækki, vilja flutningsmenn þessarar tillögu benda á nauðsyn þess, að heimild til niðurfellingar fasteignaskatts á íbúðir aldraðs fólks, sem það býr sjálft í, verði lögleidd, fyrst og fremst til að tryggja hag þeirra, sem takmarkaðar tekjur hafa vegna aldurs og skertrar starfsgetu. Þá má og benda á, að á sveitarfélögum hvílir ákveðin skylda gagnvart öldruðu fólki. Það er efalaust fjárhagslega hagkvæmara fyrir sveitarfélögin að stuðla með þessum hætti að dvöl hinna öldruðu á eigin heimilum, fremur en verja miklu fé til byggingar elliheimila.